

Fyrirmælablað:

Frá einni bók til annarrar

Viðfangsefni: Heimagerð „bók“ samhliða skáldsagnalestri. Efni í bókina á að skrá samhliða lestri skáldsögu. Gott er að gera uppkast og hreinrita síðan í bókina.

Verklag: Hver nemandi les eina skáldsögu og býr til eigin „bók“ samhliða lestrinum. Nota á nokkur blöð sem brotin eru saman í stærðina A5, heftuð eða bundin saman með bandi. Bókin á að innihalda ýmsar upplýsingar tengdar skáldsögunni, s.s. almennar upplýsingar og hugleiðingar um innihald, hugtakakort eða skýringamyndir. Leyfðu hugmyndaflugi þínu að njóta sín sem best.

Annað: Þetta fyrirmælablað skal nota sem gátlista og merkja við jafnóðum þau atriði sem lokið er við.

I Áður en þú lest skáldsöguna skaltu vinna eftirfarandi verkefni:

1. Skipuleggðu bókina þína. Lestu yfir verkefnalistann og áætlaðu hvað hún verður margar blaðsíður. Þú þarft a.m.k. fjögur A4 blöð til þess að koma öllu efni bókarinn fyrir. Brjóttu blöðin saman og festu með heftara eða notaðu gatara og bintu þau saman.
2. Útbúðu forsíðu á bókina þína.
3. Á fyrstu síðu bókarinnar skaltu skrá á skipulagðan hátt:
 - nafn skáldsögunnar
 - útgáfuár
 - útgáfufyrirtæki
 - útgáfustað
 - blaðsíðufjöldi
 - daginn sem þú byrjar að lesa bókina
 - áætlaðan tíma sem það tekur þig að lesa bókina
4. **Útlit bókarinnar:** Á síðu 2 skaltu lýsa útliti bókarinnar í a.m.k. 50 orðum. Athugaðu t.d. stærð bókarinnar, forsíðu, baksíðu, leturgerð og kaflaskiptingu.
5. **Ástæða fyrir vali:** Á síðu 3 skaltu fjalla um ástæðu þess að þú valdir skáldsöguna. Textinn þinn á að vera a.m.k. 60 orð, gjarnan lengri.

II Á meðan þú lest skáldsöguna skaltu vinna eftirfarandi verkefni:

6. **Persónur:** Teiknaðu tengslamynd eða skráðu lista yfir a.m.k. átta persónur í bókinni og lýstu þeim í fáeinum orðum. Taktu fram hvort þær eru aðalpersónur eða aukapersónur.
7. **Umhverfi:** Lýstu umhverfi sögunnar í a.m.k. 60 orðum. Kynntu þér vel bókmenntahugtakið *umhverfi* áður en þú hefst handa.

8. **Spurningar:** Skráðu hjá þér á eina síðu eða eina opnu bókarinnar spurningar úr efni skáldsögunnar jafnóðum og þú lest. Gott getur verið að ímynda sér að þetta séu spurningar til höfundar bókarinnar um atriði sem þú vilt fá nánari skýrar á eða skilur ekki nógu vel. Að loknum lestri ættu spurningarnar ekki að vera færri en fimmtán.
9. **Sögulok:** Skiptu einni síðu í bókinni þinni í tvennt, t.d. með því að draga strik um miðja síðu. Áður en þú lýkur lestri skáldsögunnar skaltu skrá hjá þér hvernig þú heldur að sagan endi. Að lestri loknum skráir þú á hinn helminginn hvernig sögunni lauk.
10. **Orðasafn:** Skráðu á eina síðu eða eina opnu orð sem vekja athygli þína. Það geta verið orð sem þú sý skilur ekki nógu vel, orð sem þú skilur en hefur ekki séð áður, orð sem þér finnst áhugaverð og vildir gjarnan nota meira.

III Eftir að þú hefur lokið við að lesa skáldsöguna skaltu vinna eftirfarandi verkefni:

11. **Bygging sögunnar:** Allar sögur hafa upphaf, miðju og endi. Hvernig er þessu háttað í skáldsögunni þinni? Útskýrðu það vel í a.m.k. 100 orðum. Skoðaðu t.d. hvernig sagan hefst, hvernig atburðarásin er byggð upp, hvernig sagan er gerð spennandi, hvar sagan nær hámarki og hvernig hún endar.
12. **Aðrar bækur:** Kynntu þér aðrar bækur eftir höfund skáldsögunnar þinnar og einnig bækur um sama efni. Þú getur annaðhvort gert þér ferð á bókasafnið eða leitað á netinu, t.d. á gegnir.is eða hjá forlaginu sem gefur bókina út. Skráðu nokkra bókatitla hjá þér. Taktu fram hvaða ár bækurnar komu út og hver höfundur þeirra er.
13. **Nýr endir:** Gæti sagan hafa endað öðruvísi? Skrifaðu nýjan endi á söguna sem er allt öðruvísi en sá sem höfundurinn skrifaði. Lestu hann upphátt fyrir a.m.k. einn skólafélaga eða kennara.
14. **Mat þitt á bókinni:** Skráðu hjá þér fimm atriði um það sem þér finnst vera jákvætt við söguna þína og önnur fimm um það sem þér finnst vera neikvætt við hana. *Dæmi um orð sem gjarnan eru notuð til að lýsa bókum ertu t.d.: skemmtileg, leiðinleg, erfið, einföld, flókin, auðlesin, sorgleg, fyndin, vel skrifuð, áhugaverð, spennandi, ógleymanleg, fróðleg, óvenjuleg, óraunveruleg.*

Sjálfsmat

- | | | | | |
|----------------------------|-------------------------------------|--|-----------------------------------|--------------------------------------|
| 1. Verkefnin mín: | <input type="radio"/> eru vel unnin | <input type="radio"/> gætu verið betri | <input type="radio"/> eru sæmileg | <input type="radio"/> eru illa unnin |
| 2. Ég vann vel í tímum: | <input type="radio"/> alltaf | <input type="radio"/> oftast | <input type="radio"/> stundum | <input type="radio"/> sjaldan |
| 3. Mér tókst að ljúka við: | <input type="radio"/> allt | <input type="radio"/> næstum því allt | <input type="radio"/> of lítið | <input type="radio"/> fátt |
| 4. Ég vann: | <input type="radio"/> mjög vel | <input type="radio"/> nokkuð vel | <input type="radio"/> of lítið | <input type="radio"/> illa |
| 5. Vinnan við bókina var: | <input type="radio"/> skemmtileg | <input type="radio"/> í lagi | <input type="radio"/> sæmileg | <input type="radio"/> leiðinleg |

Kennaramat

- mjög gott gott sæmilegt ábótavant sýndi mikinn áhuga sýndi lítinn áhuga